



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um breytingar á 8. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Á fundi velferðarráðs þann 3. apríl 2019, var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 3. apríl 2019, um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 1. og 2. mgr. 8. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg:

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá þjónustumiðstöð eða með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr. Umsækjandi um fjárhagsaðstoð skal leggja fram persónuskilríki með mynd þegar umsókn er lögð fram á þjónustumiðstöð en rafræn umsókn skal staðfest með rafrænum skilríkjum umsækjanda.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð en ekki er gerð krafa um undirritun þegar umsókn er gerð með rafrænum hætti. Á umsóknareyðublöðum skal koma fram, eftir atvikum, upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri, upplýsingar um skráningu í nám og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysisstryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og feðralaun.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt

Lögð fram svohljóðandi breytingatillaga velferðarráðs um gildistöku reglna:

Breytingin sem er ívilnandi fyrir íbúa Reykjavíkurborgar tekur gildi frá og með 1. apríl 2019.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tilkoma rafræns viðmóts fyrir borgarbúa til að sækja um fjárhagsaðstoð er stórt og mikilvægt framfaraskref í velferðarþjónustu borgarinnar. Það er mikið fagnaðarefni að hér er tekið skref í þá átt að einfalda umsóknarferli og auðvelda íbúum að notfæra sér þjónustu borgarinnar og sækja um þá þjónustu sem þau eiga rétt á. Rafvæðing umsókna er lykilskref í því að bæta þjónustu, gera hana skilvirkari, fljótlegri og einfaldari fyrir notendur og því er hér í burðarliðum mikilvægt hryggjarstykki í þeirri

innleiðingu. Ákaflega gott er að sjá hve mikill metnaður hefur verið lagður í undirbúning hins nýja viðmóts til að tryggja að það standist kröfur nútímans og anni sem best þörfum þeirra sem það nota.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vill áréttta að í þeirri vegferð velferðarsviðs með að rafvæða umsóknargögn verði gætt að persónuupplýsingum um alla þá einstaklinga sem munu nýta sér þessa þjónustu og jafnframt þeir sem taka þátt í þróunarferlinu. Varðandi rafræn skilríki þá verði boðið upp á fleiri en ein skilríki þar sem margir eldri borgarar eru ekki með snjallsíma og þurfa því að nota önnur skilríki sem ekki eru háð snjallsímatækninni.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í velferðarráði fagnar því að umsækjendur geti sótt um fjárhagsaðstoð á rafrænan hátt. Ánægjulegt er að samráð hafi verið haft við starfsmenn og notendur í mótun og þróun þessarar nýju þjónustuleiðar. Tækifæri í tækninýjungum eru mikil til þess að auka skilvirkni í þjónustu Reykjavíkurborgar samhliða persónulegri þjónustu þjónustumiðstöðva borgarinnar.

Tillagan er hér með send borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda. Reglurnar, sem eru meðfylgjandi, hafa verið uppfærðar í samræmi við samþykkt velferðarráðs og taka gildi 1. apríl 2019.

Virðingarfyllst,



Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga um breytingu á 8. gr. reglna um fjárhagsaðstoð vegna rafrænna umsókna

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 1. og 2. mgr. 8. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg:

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá þjónustumiðstöð eða með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr. Umsækjandi um fjárhagsaðstoð skal leggja fram persónuskilríki með mynd þegar umsókn er lögð fram á þjónustumiðstöð en rafræn umsókn skal staðfest með rafrænum skilríkjum umsækjanda.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð en ekki er gerð krafa um undirritun þegar umsókn er gerð með rafrænum hætti. Á umsóknareyðublöðum skal koma fram, eftir atvikum, upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri, upplýsingar um skráningu í nám og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélagi, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og feðralaun.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 21. september 2017 og borgarráðs 12. október s.á. var samþykkt tillaga um fjármagn vegna rafvæðingar umsókna á velferðarsviði. Í minnisblaði með tillöggunni kom eftirfarandi m.a. fram: „*Rafræn þjónustumiðstöð og velferðarsvið hafa nú hafið ferli til að rafvæða u.þ.b. 20 umsóknir. Ljóst er að áður en hægt er að hefjast handa við þá tæknivinnu sem til þarf er nauðsynlegt að fram fari undirbúningsvinna við kortlagningu og greiningu verkferla. Til að ná fram sem mestri hagræðingu stendur*

til að endurskoða alla verkferla í þeim tilgangi að einfalda og stytta umsóknarferlið, gera það skilvirkara þannig að það bæti þjónustu sviðsins til muna. Ákveðið hefur verið að í stað þess að rafræða alla 20 umsóknarferlana í einu stóru útboði verði ferlinu skipt upp í áfanga, sem gefur möguleika á að endurmeta og laga eftir þörfum það sem best hentar“.

Í samræmi við framangreint var rafræðingu umsóknar um fjárhagsaðstoð forgangsraðað og ákveðið að endurskoða allt umsóknarferlið út frá notendamiðaðri hönnun. Í kjölfarið fór fram stefnumótunarferli þar sem starfsmenn og notendur fengu tækifæri til að móta nýtt ferli. Í desember á síðasta ári var svo fyrirtækið Kolibrí ráðið til að útfæra rafrænt umsóknarferli en samhliða þeirri vinnu fer fram heildarendurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Verkið er unnið í sprettum eftir svo kallaðri „agile“-hugmyndafræði og er áætlað að því ljúki í júní á þessu ári. Vinnan er langt komin og til stendur að fyrsta útgáfa af rafrænni lausn verði gefin út á næstu dögum. Til að svo megi verða er þó nauðsynlegt að breyta orðalagi í 8. gr. gildandi reglna um fjárhagsaðstoð en samkvæmt gildandi ákvæði er gerð krafa um að umsækjandi leggi fram persónuskilríki með mynd þegar umsókn er lögð fram og skal umsóknin undirrituð. Til að gera rafrænt umsóknarferli mögulegt er lagt til að auðkenning með rafrænum skilríkjum verði lögð að jöfnu við persónuskilríki sem mynd auk þess sem ekki verði gerð krafa um undirritun þegar umsókn er lögð fram með rafrænum hætti. Með þessari einföldu og skjótu breytingu er rafræn umsókn um fjárhagsaðstoð gerð möguleg og ekki þörf á að bíða þess að heildarendurskoðun reglnanna ljúki. Tillagan felur ekki í sér aukinn kostnað og hefur hún verið jafnréttisskimuð.

Fylgiskjal:
Jafnréttisskimun.

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	3. apríl 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Dís Sigurgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að breytingu á 8. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.
Þjónustubáttur:	Fjárhagsaðstoð
Stofnun/kostn.st.:	F1701;06
Fjárhæð:	0 kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg svo unnt verði að sækja rafrænt um fjárhagsaðstoð.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Samþykkt tillögunnar einfaldar þjónustu fyrir karla jafnt sem konur, sem þurfa á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar að halda. Rafvæðing fjárhagsaðstoðar hefur verið hugsuð út frá notendamiðaðri hönnun þar sem notendur hafa komið á framfæri mikilvægum sjónarmiðum er varða umsóknarferlið. Hugbúnaðarteymið sem vinnur að rafvæðingunni hefur farið á þjónustumiðstöðvar og kannað hvaða tækjum notendur eru búnir til að koma sem best til móts við þarfir þeirra jafnt kvenna sem karla.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir þann hóp borgarbúa sem stendum höllum fæti fjárhagslega.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan einfaldar umsóknarferli notenda fjárhagsaðstoðar. Í stað þess að umsækjendur þurfi að fara á þjónustumiðstöð og framvísa skilríkjum ásamt því að sækja fylgigögn á mismunandi stofnanir þá verður hægt að sækja um á netinu með rafrænum skilríkjum og þjónustumiðstöð sér um að sækja fylgiskjöl.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.